



ÁVIÐAVANGI

Víkverji

Það er skemmtileg tilviljun, að reykviðskt ungmennafélag, Ungmennafélagið Víkverji, skuli flestum ungmennafélögum öðrum fremur halda uppi merki íslensku glímunnar — þjóðaríþróttarinnar, sem tvímæla-laust er nú hvergi nærri rækt eins vel af íþróttahreyfingunni og skyldi. Ungmennafélagið Víkverji var stofnað fyrir tólf árum, en nokkru áður hafði Ungmennafélag Reykjavíkur, sem um skeið var þróttmikill félagsskapur undir áhugasamri forustu Stefáns Runólfssonar, hætt starfsemi sinni, en það hafði einnig lagt mikla rækt við glímuna og haft hina frægustu glímukappa innan sinna vébanda. Víkverji tók þetta merki upp og átti Kjartan Bergmann fyrrum glímukappi Íslands, drjúgan þátt í því. Víkverji hefur ekki aðeins haldið uppi reglulegum glímuefingum, heldur jafnframt eimt til allmarga árlega glímumóta til að auka áhuga á glímunni. Á hinum stutta starfsferli sínum hefur Víkverji líka eignast marga beztu



Kristján B. Þórarinnsson

glimumenn landsins. Með starfsemi sinni hefur Víkverji því tvímæla-laust þegar unnið gott starf til að endurvekja áhuga á glímunni, en hann þarf enn að auka, því að glíman er ekki aðeins þjóðaríþrótt, heldur holl og dregileg íþrótt.

Vonandi verður forusta Víkverja til þess, að íþróttafélög höfuðborgarinnar herða samkeppnina og leggja aukna rækt við glímuna. Og þá ætti landsbyggðin ekki að láta sinn hlut eftir liggja.

Núverandi formaður Víkverja er Kristján B. Þórarinnsson, sem er mikill áhugamaður um félagsmál.

Nýjung, sem reynist vel

Tvímæla-laust ber að fagna öllum nýjungum, sem stuðla að bættri þjónustu við neytendur. Í Sambandsfréttum 15. þ.m. er vakin athygli á því, sem naumast hefur líka farið fram hjá fólki, að Braga og Santos-kaffið frá Kaffibrennslu Akureyrar var fyrir skömmu sent á markaðinn í nýjum og loftþéttum umbúðum. Sambandsfréttir segjast hafa rætt við Þröst A. Sigurðsson, verksmíðjustjóra Kaffibrennslunnar og spurt hann um viðtökurnar. Þröstur sagði, að að visu væri ekki

nema tveir mánuðir síðan þessar umbúðir fóru á markaðinn, en þann tíma mætti segja, að viðtökurnar hefðu verið virkilega góðar. Fólki virtist líka þessi nýjung vel, kaffið væri ferskara og geymdist betur en í gömlu umbúðunum, og mikið hefði verið að gera í Kaffibrennslunni síðan kaffið í þessum umbúðum hefði verið sett á markaðinn.

Norðmenn flytja út vatn

Norska upplýsingastofnunin skýrir nýlega frá því, að Bergens-meieriet, sem er aðalútflutjandi Noregs á fersku uppsprettuvatni, hafi stórukið útflutning sinn á því, það sem af er þessu ári. Sumar vikurnar hafi útflutningurinn á því numið 75 þús. lítrum. Árlegur útflutningur hefur hingað til verið um 500 þús. smál. Vatnið er aðallega selt til Nígeríu, Mið-Asíulanda og Danmerkur. Í undirbúningi er að hefja útflutning til Bretlands í allstórum stíl.

Athugun hefur verið gerð á því, að hefja hédan útflutning á vatni, en það ekki þótt svara kostnaði. Sá tími getur þó komið fyrir en varir, að hédan verði flutt vatn í stórum stíl og er ekki að efa, að það muni þykja gæðavara.

D.P.

Bændur. Safnið auglýsingunum. Eignist þannig heimildaskrá. Auglýsing nr. 5-76.



MF 40 Massey Ferguson moksturstaeki

- Henta MF 135, MF 165 og MF 185 dráttarvélum.
 - Auðveld og fljótleg tenging og losun frá dráttarvél.
 - Góð lyftigeta.
 - Góður lyftihraði.
 - Lágmarks hindrun útsýnis fyrir öikumann.
- MF gæðasmíð.

Leitið upplýsinga um verð og greiðsluskilmála í næsta kaupfélagi eða hjá okkur.

Dráttarvélur hf.
SUDURLANDSBRÁUT 32 • REYKJAVÍK • SÍMI 86500 • SÍMNEFNI ICTRACTORS

Kennara vantar

að Barna- og gagnfræðaskóla Reyðarfjarðar, bæði stigin. Tungumálakennsla, stærðfræði og eðlisfræði æskileg, annars almennar greinar.


Upplýsingar gefa skólastjóri í síma 97-4140 eða formaður skólanefndar í síma 97-4179.

Skólanefndin.

Bændur

Ung hjón, vön allri skepnuhirðingu óska eftir vinnu í vetur. Geta séð um bú sjálfstætt.

Upplýsingar í síma 93-7016 Hvanneyri, til 15. ágúst.



Reykjavík liðinna daga

Reykjavík liðinna daga nefnist ljósmyndasýning sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum í dag.

Sýning þessi er haldin í til efni 50 ára afmælis Ljósmyndarafélags Íslands og eru sýndar þarna myndir frá Reykjavík og mannlífi hennar allt frá aldamótum.

Á myndunum er Óskar Gíslason, ljósmyndari, að undirbúa sýninguna, en hann hefur tekið flestar myndanna og haft veg og vanda af að vinna myndirnar til sýningar.

Timamynd: Róbert.

Sláturhússtjórar

Nú er rétti tíminn til að huga að þörfum ykkar — aðeins 2 mánuðir til sláturtíðar

HÖFUM SEM FYRR Á BODSTÓLUM:

Rafdrifin brýni
Hnífar — allar tegundir
Færibandareimar
Gúmmimottur
Vatnsdælur
Vatnssíur
Háprýstivatnsdælur
Skrokkapvottabyssur
Skrokkapvottadælur
Gólfvottabyssur
Vinnsluborðabyssur
Háprýstivatnsslöngur
Klörtæki o.fl.

ÁRNI ÓLAFSSON & CO.

40088 40098